



VERÐBRÉFAÞING ÍSLANDS HF
Löggilt kauphöll

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/676
komudagur 8.12.2000

Reykjavík, 06.12.2000
Tilv. 7.2.1
FS/fs

Vísað er til bréfs nefndarinnar frá 24. nóvember 2000, þar sem óskað er eftir umsögn Verðbréfaþings Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (232. mál).

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður eftirlitsgjald kauphalla 0,76297% af rekstrartekjum. Þetta er heldur lægri álagningarstuðull en á þessu ári. Engu að síður er áætlað að greiðsla Verðbréfaþings til Fjármálaeftirlitsins hækki úr 950 þús.kr. í 977 þús.kr. Skýrist hækkunin alfarið af vaxandi tekjum Verðbréfaþings með auknum umsvifum.

Af hálfu Verðbréfaþings eru ekki gerðar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Finnur Sveinbjörnsson,
framkvæmdastjóri